

223/24

- Fundur haldinn í héraðsráði mánudaginn 31. okt. 2005 kl. 13:00 á skrifstofu héraðsnefndar. Mættir voru: Valgarður Hilmarsson, Jóhann Guðmundsson og Magnús B. Jónsson var í símasambandi.

Dagskrá:

1. Samningur um búfjárefirlit
 2. Héraðsskjalasafnið.
 3. Dagvistun aldraðra
 4. Fundur héraðsnefndar
 5. Önnur mál.
-
1. Framkvæmdastjóri lagði fram bréf frá Ráðanautþjónustu Húnaþings og Stranda þar sem óskað er eftir endurskoðun á samningi um búfjárefirlit. Samningurinn er frá 22. apríl 2003. Búfjárefirlitsnefnd hélt fund 17. okt s.l. og fjallaði um bréfið og liggur fundargerð þess fundar fyrir þar sem mælt er með að orðið verði við óskum ráðunautþjónustunnar um breytingar á samningnum. Þá liggja fyrir fundinum drög að samningi til afgreiðslu héraðsráðs. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi á grundvelli fyrirbyggjandi samningsdraga og þeirri umræðu sem fram fór á fundinum.
 2. Framkvæmdastjóri skýrði frá þeirri vinnu sem hefur farið fram í héraðsskjalasafninu og hefur gengið vel. Opnunartími verður auglýstur í næsta Glugga. Safnvörður er með áætlun um að hafa samband við sveitarfélögin um hvernig skuli staðið að varðveislu skjala.
 3. Valgarður skýrði frá að á næsta fundi héraðsnefndar muni framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduós leggja fram áætlun um dagvist fyrir aldraða, en málið hefur verið í skoðun í nokkurn tíma.
 4. Ákveðið er að stefna að fundi héraðsnefndar 12. des. n.k.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 14:10

Valgarður Hilmarsson

Jóhann Guðmundsson

Magnús B. Jónsson